



Sálin hans Jóns míns er komin á skrið á ný.

Sálin í Njálshúsi í kvöld

Í kvöld, föstudag, hefst formlega hin árlega landsreisa Salarinnar en þá verður leikið í félagsheimilinu Njálshúsi í Vestur-Landeyjum. Þar mun hljómsveitin meðal annars kynna nokkuð af því nýja efni sem verið hefur í vinnslu að undanfögnu.

Langt er nú um liðið síðan hljómsveitin Sálin hans Jóns mín lét í sér heyra. Sveitin kom síðast fram í október síðastliðnum og hafði þá verið nánast linnulaust að í þrjú ár. Í vetur tóku liðsmenn hennar því langþráð frí en mæta nú endurnærðir til leiks.

Sálarmenn hafa þó nýtt veturinn

til tónsmíða og hófu nýverið vinnu á þessu nýja efni í hljóðveri. Í júní koma út tvö þessara laga á safnplötunni Bandalög 4 en í sumar verður hljóðversvinnu haldið áfram og lög unnin á næstu breiðskífu sveitarinnar sem gefin verður út í haust.

Mannabreytingar urðu í hljómsveitinni í vetur þegar Magnús Stefánsson lagði frá sér trommukjuðana og Birgir Baldursson tók við. Einnig hefur gengið til liðs við hljómsveitina hljómborðs- og trompetleikarinn Örvar Atli Örv-arsson.